



Ég get

eftir Peter Engkvist

Í þessu kennsluverkefni er unnið er með aðferðum leiklistar. Í gegnum leiklist er hægt að þjálfa samvinnu, samskipti, sköpun, tungumál, tjáningu, gagnrýna hugsun og líkams- og raddbeitingu. Frá unga aldri nota börn ímyndunarleikinn til að rannsaka, skipuleggja og skilja sig og umhverfi sitt. Hlutverkaleikurinn er börnum eðlilegur, í honum takast þau á við vandamál, læra að setja sig í spor annarra persóna við ákveðnar aðstæður og gera viðhorf og hegðun þeirra að sínum. Börnin eru í leik en þau eru jafnframt líka að leika.

Aldursviðmið: 2-5 ára

Útskýringar á kennsluáðferðum:

Kyrrmyndir: Nemendur búa til kyrrmyndir (frjósa eða búa til myndastyttur). Nemendur þurfa að finna út hvernig best er að stilla myndinni upp.

Spuni: Hlutverkaleikur. Nemendur fá hlutverk og eiga að búa til atburðarás í kringum hlutverkin sem þeir fá. (Þú ert pabbi minn og biður mig um að fara að sofa. Ég er óþekkt(ur) og segi nei. Hvað gerist?).

Umræður: Umræður þar sem kennari stjórnar ferðinni.

Látbragð: Nemendur túlka hlutverkið sitt með hreyfingum án orða. (t.d. fljúga um loftið eins og fugl).





Kennsluverkefni og leikrit

eftir Rannveigu Björk Þorkelsdóttur og Jónu Guðrúnu Jónsdóttur.

Kveikja:

Kennari byrjar á því að segja nemendum frá því að nú eigi þau að fara að leika og gera kyrrmyndir. Hann byrjar á því að spyrja nemendur um sýninguna sem þau voru að sjá **Ég get**.

Kennari: Umræður

Kennari: *Um hvað fjallaði sýningin? Þarf maður að eiga allt?*

Kyrrmynd:

Kennari segir nemendum að nú eigi þeir að gera kyrrmynd (tveir eða fjórir saman í hóp) af því þegar einhver vill **ekki** deila með öðrum.

Kennari: Umræður

Kennari: *Af hverju þarf maður að deila með öðrum?*

Látbragð:

Kennari segir nemendum (tveir eða fjórir saman í hóp) að nú eigi þeir að leika það með látbragði þegar einhver vill deila með öðrum. Fyrst án orða og svo með orðum (hvað segir sá sem vill deila með öðrum?)

Kennari: Umræður

Kennari: *Hvernig líður manni þegar maður deilir með öðrum? Hvernig líður manni þegar maður vill ekki deila með öðrum?*

Kyrrmyndir:

Tvö og tvö saman í hóp. Búa til kyrrmynd af því þegar maður á vini (kennari getur leitt umræður um hverja kyrrmynd og leyft samnemendum að lýsa því hvað er að gerast á þeim).





Litla fræðið

Leikgerð eftir Rannveigu Björk Þorkelsdóttur og Jónu Guðrúnu Jónsdóttur

Persónur:

Mold:

Fræ:

Tré:

Gola:

Ský:

Fluga:

Blóm, fjöldi blóma fer eftir fjölda í nemendahópi

Mold:

Einu sinni var lítið fræ. Það var fræ af stóru tré. Það óx á háu, fallegu tré.

Fræ:

Bráðum fæ ég að detta og þá verð ég að stóru tré.

Tré:

Litla fræið datt af trénu en það kom niður á stein. Fræið lá á steininum og steinninn var kaldur.

Fræ:

Mér er kalt (*fer að gráta*).

Golan:

Af hverju grætur þú litla fræ?

Fræ:

Ég græt af því að steinninn er kaldur, hann er kaldur og harður.

Golan:

Ég skal hjálpa þér, litla fræ. Ég skal blása á þig. (*hún blæs, fræið dettur af steininum*)

Fræ:

Þakka þér fyrir, góða gola.

Tré:

Fræið lá í mjúkri mold, þetta var góð mold.

Mold:

Liggðu hérna hjá mér, ég skal hjálpa þér að vaxa.





Fræ:

Ég er svo þyrst. (*fer að gráta*)

Ský:

Af hverju grætur þú, litla fræ?

Fræ:

Ég er svo voðalega þyrst.

Ský:

Ég skal hjálpa þér. Ég skal láta rigna á þig. (*það fer að rigna*)

Fræ:

Þakka þér fyrir, góða ský. Nú er ég ekkert þyrst.

Tré:

En skyndilega sér fræið að það er farið að dimma úti. Það fer að gráta.

Fluga:

Af hverju ertu að gráta?

Fræ:

Ég græt af því að það er svo dimmt og mér er svo kalt.

Fluga:

Af hverju reynir þú ekki að tylla þér á tær, þá nærð þú upp í yl og ljós.

Fræ:

Ég kann ekki að tylla mér á tær, það eru engar tær á mér (*reynir að tylla sér á tær*) Ég næ ekki upp í ylinn og ljósið.

Fluga:

Jú það eru tær á þér, reyndu að tylla þér á tær.

Fræ: (*reynir að tylla sér og getur það síðan*)

Ég get það, ég á tær. Þakka þér fyrir góða fluga.

Tré:

Fræið fór að tylla sér á tær og náði upp í yl og ljós. Hlýja golan blés á fræið.

Nemandi 1:

Skýið lét rigna á það.





Nemandi 2:

Sólin gaf því yl og ljós.

Nemandi 3:

Moldin gaf því mat.

Nemandi 4:

Litla fræið óx og óx.

Nemandi 5:

Það fór aldrei að gráta.

Nemandi 6:

Því var aldrei kalt.

Nemandi 7:

Það var aldrei þyrst.

Nemandi 8:

Það óx og það óx.

Nemandi 9:

Það óx og varð að stóru tré.

Nemandi 10:

Það þakkaði hlýju golunni (*fræið þakkar golunni*).

Nemandi 11:

Það þakkaði skýinu fyrir regnið (*fræið þakkar skýinu*).

Nemandi 12:

Það þakkaði litlu flugunni (*fræið þakkar flugunni*).

Nemandi 13:

Það þakkaði sólinni fyrir yl og ljós (*fræið þakkar sólinni*).

Nemandi 14:

Það þakkaði moldinni matinn (*fræið þakkar moldinni*).

